**UMBOÐSMAÐUR ALÞINGIS**
Þórshamri, Templarasundi 5, 101 Reykjavík
Sími: 510 6700 • Netfang: postur@umbodsmadur.is
Heimasíða: www.umbodsmadur.is

Mál nr. F105/2021

Reykjavík, 4. október 2021

Embætti landlæknis
Katrínartúni 2
105 Reykjavík

Meðfylgjandi er til upplýsingar afrit af bréfi mínu til forstöðumanns geðþjónustu Landspítala þar sem spurningum er beint til hennar um langvarandi vistun tiltekins sjúklings á öryggisgangi réttargeðdeildar á Kleppi.

Með vísan til þeirra upplýsinga sem koma fram í bréfinu óska ég eftir því að embætti landlæknis upplýsi mig um hvort að því hafi verið kunnugt um vistun þess sjúklings sem um ræðir á öryggisgangi deildarinnar. Ef svo er þá er þess óskað að mér verði veittar nánari upplýsingar um aðkomu landlæknis að málinu og send afrit af gögnum sem málið kunna að varða.

Ég óska eftir að svar við bréfi þessu berist mér eigi síðar en 21. október nk.

Virðingarfyllst,

Skúli Magnússon